

vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. liður fundargerðar; Svartárvirkjun, aðal- og deiliskipulag Sveitarstjórn tekur undir tillögu nefndarinnar að óska eftir því að í matsáætlun verði áhrif virkjunarinnar metin út frá útivist og ferðaþjónustu og á hagsanlegum samlegðaráhrifum ef hvorki verði ráðist í Svartárvirkjun eða fyrirhugaða Hrafnabjargarvirkjun eins og verkefnastjórn rammaáætlunar hefur lagt til.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

Ragnar Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu 2. liðar fundargerðar Skipulags- og umhverfisnefndar vegna vanhæfis.

4. Erindi – geymslubraggi sveitarfélagsins

Fyrir fundinum liggur erindi frá Jóni Inga Björnssyni, dags. 20. júní s.l. þar sem hann vill kanna hvort sveitarfélagið vilji selja geymslubragga og hús, fastanúmer: 216-3966 sem er í eigu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið en telur ekki tímabært að selja ofangreinda fasteign eins og er en felur sveitarstjóra að gera úttekt á nýtingu húsnæðisins og framtíðarþörf sveitarfélagsins fyrir geymsluhúsnæði.

5. Erindi – inntökualdur barna í Tjarnaskjóli

Fyrir fundinum liggur erindi frá nokkrum foreldrum á skólasvæði Stórutjarnaskóla, dags.

15. júní s.l. þar sem óskað er eftir að inntökualdur barna í Tjarnaskjóli verði lækkaður í tólf mánaða aldur í stað átján mánaða eins og nú er. Margrét Bjarnadóttir vék af fundi vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að gera skólastjóra grein fyrir afgreiðslunni.

6. Tilnefning Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO

Fyrir fundinum liggur bréf frá Sigurði Á. Þráinssyni f.h. umhverfisráðherra, dags. 10. júní s.l. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur skipað verkefnishóp til þess að undirbúa tillögu til ríkisstjórnarinnar um tilnefningu Vatnajökulspjóðgarðs og hluta gosbeltisins á heimsminjaskrá UNESCO. Ráðuneytið býður þeim sveitarfélögum sem hafa aðkomu að þjóðgarðinum, þ.á.m. Þingeyjarsveit, að taka þátt í samráði meðan á vinnslu tillögunnar stendur og óskar jafnframt eftir upplýsingum um sjónarmið sveitarstjórna til þessarar tilnefningar.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og tilnefnir sveitarstjóra sem tengilið við verkefnið.

7. Nýtt rekstrarleyfi - Dæli

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 9. júní s.l. þar sem Geir Árdal sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu

heimagistingar í Dæli í Þingeyjarsveit. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti. Margrét Bjarnadóttir tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar.

8. Nýtt rekstrarleyfi – Staðarfell

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 7. júní s.l. þar sem Aðalheiður Kjartansdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistingar á Staðarfelli í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

9. Nýtt rekstrarleyfi – Breiðumýri

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 15. júní s.l. þar sem Friðgeir Sigtryggsson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar á Breiðumýri – Læknishús í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

10. Erindi frá Landgræðslu ríkisins

Erindi frá Daða L. Friðrikssyni, f.h. Landgræðslu ríkisins dags. 19. febrúar s.l., tekið fyrir að nýju að lokinni umfjöllun landbótahóps Þeistareykjalands. Ekki var einhugur um málið í landbótahópnum en sveitarstjórn telur verkefnið mikilvægt og samþykkir að verða við erindinu og felur sveitarstjóra að ganga frá samkomulagi við Landgræðslu ríkisins.

a. Til kynningar:

- Fundargerð stjórnar DA frá 31.05.2016
- Fundargerð 279. fundar stjórnar Eyþings
- Fundargerð 840. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Fundargerð aðalfundar MMB 2016

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40

Skottisala á Fosshóli

sunnudaginn 3.júlí 2016

Ekkert þátttökugjald og engin skráning.

Allir velkomnir opnum skottin

kl,11:00 og höfum opið til 17:00

Upplýsingar í síma 866-5230

HMH og GFM



Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 23. júní s.l. að heimila Arctic Hydro ehf að vinna deiliskipulag á sinn kostnað af fyrirhugaðri Hólsvirkjun, 5,2 MW vatnsaflsvirkjun, sem fyrirtækið hyggst reisa í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Áformað er að virkja Hólsá og Gönguskarðsá ofan Garðsfells og leiða vatn í þrýstipípu að stöðvarhúsi við Fnjóská. Samhliða gerð deiliskipulags þarf að breyta Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til samræmis við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð þannig að nýtt iðnaðarsvæði verður skilgreint á virkjanasvæðinu.

Þegar vinna við breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með fimmtudeginum 30. júní til og með fimmtudeginum 21. júlí 2016. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://thingeyjarsveit.is> undir: Skipulagsmál/Aðalskipulag/Tillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 21. júlí til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/ eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.
Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar



Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
23.06.2016

195. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 23. júní kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 10. lið; Erindi frá Landgræðslu ríkisins.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Kjörskrá vegna forsetakosninganna 2016
2. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu fimm mánuði ársins
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.06.2016
4. Erindi – geymslubraggi sveitarfélagsins
5. Erindi – inntökualdur barna í Tjarnaskjóli
6. Tilnefning Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO
7. Nýtt rekstrarleyfi – Dæli
8. Nýtt rekstrarleyfi – Staðarfell
9. Nýtt rekstrarleyfi – Breiðumýri
10. Erindi frá Landgræðslu ríkisins

1. Kjörskrá vegna forsetakosninganna 2016

Lögð fram kjörskrá fyrir Þingeyjarsveit vegna forsetakosninganna 2016. Einn einstaklingur fellur út af kjörskrá vegna andláts og kjörskrá breytt sbr. 4. mgr. 27. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sbr. 1. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjörskrá samþykkt svo breytt og sveitarstjóra falið að undirrita hana.

2. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu fimm mánuði ársins

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu fimm mánuði ársins, samanborið við fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðunni ásamt skrifstofustjóra sem sat fundinn undir þessum lið.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.06.2016

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20. júní sl. Nanna gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 3 liðum.

1. liður fundargerðar; Hólsvirkjun, aðal- og deiliskipulag
Sveitarstjórn samþykkir erindið og heimilar umsækjanda að vinna deiliskipulag á sinn kostnað af fyrirhuguðu virkjanasvæði í samræmi við framlagða skipulagslýsingu og með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að kynna skipulagsauglýsingu

Opið hús á Þeistareykjum

Bygging Þeistareykjavirkjunar
verður kynnt sunnudaginn 3. júlí
milli kl. 14 og 17.

Boðið verður upp á skoðunar-
ferðir um svæðið og léttar
veitingar. Skoðunarferðir
hefst á heila tímanum,
kl. 14, 15 og 16. Hver ferð
ásamt kynningu tekur tæpa
klukkustund.

Allir velkomnir!

Landsvirkjun hefur unnið að
uppbyggingu jarðvarmavirkjunar
á Þeistareykjum í mörg ár. Gert er
ráð fyrir að bygging 90 MW virkjunar
í tveimur afbrigðum verði fyrsta
skrefið í að tjálfbærni jarðvarma-
vinnslu á svæðinu. Áætlað er að
virkjunin hefji rekstur haustið 2017.

Sumartónleikar við Mývatn 2016


30. starfsár

Fyrstu tónleikar sumarsins:

**2. júlí laugardagur kl. 21.00 Reykjahlíðarkirkja
TRÍÓ FÓKUS**

**Ingveldur Ýr Jónsdóttir, söngur, Margrét Th. Hjaltsted,
víóla, Guðríður St. Sigurðardóttir, píanó**

Á efnisskrá eru íslensk sönglög, frönsk, ítölsk og þýsk lög og
bandarísk söngleikjalög.



Ingveldur Ýr er fjölhæf söngkona og hefur
sungið jafnt óperu- og söngleikatónlist sem
og ljóð og gamansöngva. Margrét starfar í
New York og kemur gagnert til
tónleikahalds með trióinu í sumar.
Guðríður er píanókennari og meðleikari
með fjölda tónlistarmanna og ýmsum
kórum.

Aðgangur ókeypis, en frjáls framlög eru vel þegin.

**5. júlí – þriðjudagur kl. 20.00
Félagsheimilið Skjólbrekka**

Vel er mætt til vinafundar

**“Fjárlagakvöld” til heiðurs og minningar um Jón
Stefánsson, organista.**

Allir eru velkomnir að syngja ættljárðarlögin í fjórum röddum. Í
söngnum er ekkert kynslóðabil.

Bláa og Gula bókin verða til sölu á vægu verði, en takið
endilega með eigin bækur, þar sem upplag er
takmarkað.

Kirkjukórar sveitarinnar bjóða upp á kaffi og
kleinur og enginn aðgangseyrir er að kvöldinu.



Margrét Bóasdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir
stýra söng ásamt gestastjórnendum.

LJÓTU HÁLFVITARNIR



BREIÐUMÝRI
FIMMTUDAGINN 30. JÚNÍ KL. 21

MIÐAVERÐ 3.900 KR. - FORSALA Í PENNANUM HÚSAVÍK
HÚSIÐ OPNAÐ KL. 20

26.tbl.
30. júní
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Kaffihlaðborð,

Gamla barnaskólanum Skógum.

Helgarnar 2 og 3 júlí - 9 og 10 júlí og 16 og 17 júlí
kl 13:00 til 17:00

Viðburðir:

2 og 3 júlí :Sýning á dráttavélamódelum á
vegum Ketils Tryggvasonar.

9 og 10 júlí :Handavinnusýning

16 og júlí Myndlistarsýning Sólveigar Jónsdóttur.

Posi á staðnum.

Kvenfélag Fnjóskdæla.

Tilkynning frá Vegagerðinni:

Vegna framkvæmda verður lokað fyrir alla umferð á brú á Skjálfandafljóti á vegi nr. 85 (Norðausturvegi) frá kl. 15-01 á mánudögum og kl. 13-01 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá 27. júní til 22. júlí“.

